



*Hofsós – Hólar - Sólgarðar*

**Sjálfsmatsskýrsla  
2009-2010**

## Efnisyfirlit

Einkenni stofnunarinnar .....	3
Stefna og markmið .....	3
Framtíðarsýn.....	3
Stefna og leiðir .....	3
Nám og kennsla.....	3
Starfsumhverfi og líðan.....	4
Samskipti.....	5
Sjálfsmat.....	6
Sjálfsmatsáætlun 2010 - 2013 .....	6
Sjálfsmatsteymi .....	7
Verkefni sjálfsmatsteymis .....	7
Lykilþættir gæðagreinanna:.....	7
Matið: .....	8
Lykilþáttur 1: Námsrá .....	8
Hólar.....	8
Hofsós.....	9
Sólgarðar .....	10
Lykilþáttur 2: Árangur .....	11
Hólar.....	11
Hofsós.....	12
Sólgarðar .....	12
Lykilþáttur 3: Nám og kennsla.....	13
Hólar.....	13
Hofsós.....	15
Sólgarðar .....	17
Vera í góðum samskiptum við foreldra, hvetja þá til að segja sína skoðun. ....	18
Tillögur um aðgerðir .....	19
Aðgerðaáætlun .....	21
Skimun .....	23
Samantekt og mat á árangri.....	26

## Einkenni stofnunarinnar

Grunnskólinn austan Vatna samanstendur af þremur Grunnskólum sem sameinaðir voru undir eina stjórn 1. ágúst 2007. Þeir eru Sólgarðaskóli, Grunnskólinn að Hólum og Grunnskólinn á Hofsósi. Núna á vordögum 2010 voru samtals 94 nemandi. Skipting milli kennslustaða er eftirfarandi:

### Á Hofsósi 47 nemendur í 5 bekkjardeildum:

1. – 2. bekkur	9 nemendur
3. - 4. bekkur	9 nemendur
5. - 7. bekkur	7 nemendur
8. - 9 bekkur	17 nemendur
10. bekkur	5 nemendur

### Á Hólum 36 nemendur í 3 umsjónarhópum:

1. - 3. bekkur	13 nemendur
4. - 5. bekkur	13 nemendur
5. - 7. bekkur	10 nemendur

### Á Sólgorðum 11 nemendur í tveimur bekkjardeildum:

1. - 4. bekkur	4 nemendur
5. - 7. bekkur	7 nemendur

## Stefna og markmið

### Framtíðarsýn

Grunnskólinn austan Vatna fylgir eftir framtíðarsýn skólastefnu sveitarfélagsins en leggur sérstaka áherslu á gott samstarf við heimilin, grenndarsamfélagið og umhverfið. Skólinn vill auk þess skapa sér sérstöðu með öflugum nýsköpunar- og frumkvöðlanámi. Grunnskólinn austan Vatna vill að samfélagið og nemendur geti verið stolt af skólanum og umhverfi sínu.

### Stefna og leiðir

#### Nám og kennsla

#### Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:

- að starfið mótist af metnaði, samfelli og hvatningu til sjálfstæðra verka, ábyrgðar og aukinnar víðsýni, svo hver og einn fái notið sín á eigin forsendum, í samræmi við hæfileika, þroska og getu.
  - Einstaklingsáætlanir nemenda og einstaklingsnámskrár séu gerðar og nýttar þar sem við á
  - Kennend sé námstækni sem hæfir yngsta stigi, miðstigi og elsta stigi.
  - Í skólanum sé til þekking og mannaflí til að sinna öllum nemendum

- Skólinn sjái til þess að hver og einn nemandi fái þann stuðning og ráðgjöf sem hann þarf
- Skólinn nýti m.a. þá ráðgjöf sem stendur til boða frá skólaskrifstofu
- Skólinn sjái til þess að hver og einn starfsmaður fái þann stuðning og ráðgjöf sem hann þarf, jafnt innan sem utan kennslustunda
- , söguna, náttúruna og sveitina.
  - Skólinn taki þátt í heimabyggðarverkefni skólanna í Skagafirði
  - Skólinn vinni að grenndarspili
  - Saga og sérkenni alls héraðsins sé nýtt til kennslu
  - Heimilisfræðikennsla fari að hluta fram í útielddhúsi
  - Lögð sé áhersla á göngu- og vettvangsferðir nemenda, að kynna fyrir þeim staðhætti, fornar sagnir og að leyfa þeim að upplifa ferðina á eigin forsendum
  - Útikennslustofa á Hólum sé nýtt og henni viðhaldið
  - Innsýn í starf fornleifafraeðinga Hólarannsóknar sé fengin með vettvangsfræðslu / -ferðum og verkefnavinnu (Hólar)
- að í skólastarfi ríki fjölbreytni í markmiðum og vinnubrögðum. Við val á kennsluaðferðum og viðfangsefnum sé tekið tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og námsumhverfis.
  - Fjölbreyttir kennsluhættir
  - Gerð náms- og kennsluáætlana í hverri námsgrein samkvæmt samræmdu formi
  - Sérþekking starfsmanna og foreldra sé nýtt í kennslu
  - Leikræn tjáning og virk þátttaka í viðburðum
  - Markmiðasetning nemenda (Hofsós)
- að bjóða upp á náíð samstarf starfsstöðva á faglegum grunni er varðar kennslu og kennsluhætti
  - Reglulegir samráðsfundir kennara
  - Öflug miðlun upplýsinga sem tekur á náms- og kennsluáætlunum, kennsluháttum og öðru faglegu starfi kennara
  - Sameiginleg verkefni – þemadagar

### Starfsumhverfi og líðan

#### Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:

- að öllum líði vel á eigin forsendum og gagnkvæmt traust og virðing ríki milli manna.
  - Jákvæðir þættir verði gerðir sýnilegri hjá nemendum og kennurum
  - Hrósi sé beitt með markvissum hætti
  - Samræmdri lífsleikniáætlun skólanna þriggja með samfellu frá 1. til 10. bekk sé framfylgt
  - Kennarar og starfsfólk ræði málefni nemenda reglulega á starfsmannafundum
  - Nemendur og starfsfólk njóti hvatningar og viðurkenningar fyrir vel unnin störf.
  - Mótaðar verði heildstæðar samskiptareglur

- að skólinn og umhverfi hans skulu vera eins vel búin, örugg og hvetjandi til starfs og náms eins og best verður á kosið, svo skólastarfið geti blómstrað og nemendum og starfsfólki líði vel
  - Innra og ytra umhverfi skólans sé gert hlýlegt í samvinnu við nemendur
  - Vinna nemenda sé gerð sýnileg
  - Vinnuumhverfi sé aðlaðandi og húsnaði, búnaði og tækjakosti sé vel við haldið og endurnýjað eftir þörfum. Gott starfsumhverfi laðar að gott starfsfólk.
  - Skólinn geri flóttaleiðir sýnilegar og hafi brunaæfingar tvisvar á ári
- að þar starfi áhugasamt, vel menntað starfsfólk sem hefur velferð nemenda að leiðarljósi
  - Endurmenntunaráætlun sé virk og gerð í samráði við kennara
  - Kennarar og annað starfsfólk sé hvatt til að afla sér frekari menntunar

### Samskipti

#### Grunnskólinn austan Vatna leggur áherslu á:

- að standa fyrir metnaðarfullu skólasamfélagi, í góðu og markvissu samstarfi við heimilin, sem einkennist af kurteisi, tillitsemi og gagnkvæmri virðingu, þar sem foreldrar eru hvattir til aukinnar þátttöku.
  - Virk og tíð samskipti við foreldra
  - Gott upplýsingaflæði sé tryggt með því að senda upplýsingar með bréfum og tölvupósti milli foreldra og skóla
  - Foreldrar séu fengnir inn í félags- og skólastarfið, t.d. með fræðslu eða verkefnavinnu með börnunum sínum
  - Foreldrar og skóli séu samstíga í því að ala börnin upp með „staðarstolt fyrir augum“
  - Náms- og skólakynning í lok september
  - Foreldrar séu meðvitaðir um heimanám nemenda
  - Foreldrar finni sig ætíð velkomna í skólann og geti óhræddir sagt sínar skoðanir á skólastarfinu
  - Dagur nemenda þar sem nemendur skipuleggja verkefni og kennslu fyrir foreldra (Hofsós)
  - Kennaraheimsóknir í september til nemenda 1., 5. og 8. bekkjar, auk nýrra nemenda í öðrum árgöngum (Hofsós)
- að kurteisi, tillitsemi og gagnkvæm virðing einkenni samskipti þeirra sem í skólanum eru við nám og störf. Virðing sé borin fyrir sjálfum sér, starfi sínu og umhverfi.
  - Skólareglur, viðmið og viðurlög séu skýr
  - Mótuð verði heildstæð lífsleikniáætlun
  - Virk umræða
  - Grenndarkennsla
  - Dyggðaþema (Hólar)
- að eiga góð samskipti við umhverfi og samfélag skólans
  - Áætlun um samstarf við aðra skóla sé skýr í skólanámskrá

- Tengsl við atvinnulíf sé viðhaldið
- Farið sé í vettvangsferðir í fyrirtæki og stofnanir á svæðinu

## Sjálfsmat

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 66/1995, 49. gr. á sérhver grunnskóli að innleiða aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan hans.

Sjálfsmat skóla felur í sér ítarlega lýsingu og greiningu á markmiðum og starfi skólans og jafnframt tillögur um úrbætur og mat á þeim. Með sjálfsmati fer fram viðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið skólans sem sett eru í skólanámskrá.

Það er ljóst að forsenda raunhæfs sjálfsmats er ítarleg og markviss skólanámskrá sem stuðlar að því að starfsfólk skóla skýri viðhorf sín til skólastarfs og sameinist um leiðir að settu marki. Skólanámskráin og sú vinna sem fer fram í kringum hana stuðlar að faglegu samstarfi og skapar grundvöll til mats á skólastarfi. Skólanámskráin nýtist ekki sem tæki til skólaþróunar og umbóta nema fram fari sjálfsmat kennara og skólans í heild. Markviss endurmenntunar- og þróunaráætlun er síðan unnin út frá niðurstöðum matsins. Stuðst er við skoska matskerfið „Gæðagreina“ sem Skólaskrifstofa Skagfirðinga hefur þýtt og staðfært.

### Sjálfsmatsáætlun 2010 - 2013

Áætlun um sjálfsmat kemur inn á alla þætti skólastarfsins og spannar þrjú ár. Þessi áætlun endurtekur sig síðan þannig að hver þáttur er endurskoðaður þriðja hvert ár. Þannig eru allir þættir skólastarfs metnir á þremur árum. Sjálfsmatsskýrsla er unnin á hverju vori og er aðgengileg á heimasíðu skólans. Á hverjum vetri eru ákveðnir kaflar Gæðagreinnanna teknir fyrir, hér má sjá hvernig kaflaskipting Gæðagreinnanna er raðað niður á annir sem segir til um hvenær unnið skal að hverjum og einum kafla. Frá og með hausti 2010 verður unnið með nýja þýðingu Skosku Gæðagreinnanna. Stigagjöf í matinu sjálfu er skali frá 1 – 4 þar sem einkunnin fjórir er best, en einn er óásættanlegt. Frá hausti 2010 verður tekin í notkun endurskoðuð útgáfa Gæðagreina þar sem farið verður úr 4 þrepa skala yfir í 6 þrepa þar sem einkunn 5 er fullnægjandi árangur en 6. þrepið er framúrskarandi. Nokkrar breytingar eru á niðurröðun matsgreina í endurskoðaðri útgáfu og endurskoðuð þriggja ára áætlun miðað við Gæðagreina II er því eftirfarandi:

7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk	Haustönn 2010
8. Samvinna og búnaður.	Haustönn 2010
9. Forysta.	Vorönn 2011
1. Heildarárangur.	Haustönn 2011
2. Áhrif á nemendur	Haustönn 2011
3. Áhrif á stafsólk	Vorönn 2012
4. Áhrif á samfélagið	Vorönn 2012
5. Nýting mannafla, fjármagns og aðstöðu.	Haustönn 2012
6. Stjórnun, forysta og trygging gæða.	Vorönn 2013

## **Sjálfsmatsteymi**

Þrír kennarar frá hverjum skóla skipa sjálfsmatsteymið, Þau Rita Didriksen frá Hólum, Fríða Eyjólfsdóttir frá Hofsósi og Halldór Halfdánarson frá Sólgorðum. Jóhann Bjarnason, aðstoðarskólastjóri hefur yfirumsjón með sjálfsmatinu

## **Verkefni sjálfsmatsteymis**

Meðal verkefna sjálfsmatsteymis er að undirbúa og halda utan um starfsdaga þar sem sjálfsmat fer fram, halda utan um og þróa spurningalista sem eru lagðir fyrir nemendur og foreldra, þróa áfram Gæðagreinana og vinna sjálfsmatsskýrslu í lok hvers skólaárs. Sérstök áhersla næsta skólaár, verður á að innleiða breytingar við nýja þýðingu og staðfæra viðmiðanir um dæmi með einkunninni 2 og 5 miðað við áherslur í skólanámskránni.

Hér er yfirlit yfir matsþætti eins og þeir eru fyrir vinnu sjálfsmats á skólaárinu 2009 - 2010

## **Lykilþættir gæðagreinanna:**

### **1. Námskrá**

- 1.1. Uppbygging skólanámskrárinnar
- 1.2. Gæði áætlana í einstökum námsgreinum
- 1.3. Gæði áætlana hjá kennurum

### **2. Árangur**

- 2.1. Árangur í námsgreinum
- 2.2. Árangur í samræmdum prófum
- 2.3. Heildarárangur

### **3. Nám og kennsla**

- 3.1. Gæði kennslunnar
- 3.2. Gæði námsins
- 3.3. Til móts við þarfir nemenda
- 3.4. Mat sem liður í kennslu
- 3.5. Samskipti við foreldra

### **4. Stuðningur við nemendur**

- 4.1. Umönnun
- 4.2. Þroski og lífsleikni
- 4.3. Gæði náms- og starfsráðgjafar
- 4.4. Hlutverk ráðgjafa í árangri
- 4.5. Stuðningur
- 4.6. Reglugerð um sérkennslu
- 4.7. Úrræði vegna nemenda með sérþarfir

### **5. Starfsandi**

- 5.1. Starfsandi
- 5.2. Samstarf við foreldra og skólanefnd
- 5.3. Tengsl við aðra skóla, skólaskrifstofu, atvinnurekendur og samfélagið

### **6. Mannafli, aðstaða**

- 6.1. Húsnæði og aðstaða

- 6.2. Búnaður
- 6.3. Skipulag á notkun á búnaði og húsrými
- 6.4. Mannafli
- 6.5. Nýting mannafla
- 6.6. Starfsmat
- 6.7. Rekstur skólans

## 7. Stjórnun, forysta og trygging gæða

- 7.1. Sjálfsmat
- 7.2. Þróunaráætlun skólans
- 7.3. Framkvæmd þróunaráætlunar
- 7.4. Skilvirkni skólastjórnenda sem leiðtoga
- 7.5. Skilvirkni kennara í stjórnunarstöðum

## Matið:

Unnið var sameiginlega við lykilþátt nr. 1 og 2, á Sólgörðum 4. janúar 2010 og við lykilþátt nr. 3 á Hofsósi 1. júní 2010. Starfsmönnum á Hofsósi var skipt í tvo matshópa sem skiluðu sitt hvoru álit. Hópunum var skipt í grófum dráttum miðað við kennslu yngri eða eldri nemenda. Niðurstöður hópanna tveggja voru skráðar í eina niðurstöðu svo í einstaka tilfellum eru þar af leiðandi tvennskonar vegin heildareinkunn fyrir hvern þátt en sterkar og veikar hliðar auk tillaga um aðgerðir eru smaeiginlega frá báðum hópum.

### Lykilþáttur 1: Námskrá

#### Hólar

<b>Uppbygging skólanámskrárinnar</b>	<b>Gæðagreinir 1.1</b>
--------------------------------------	------------------------

*Vegin heildareinkunn: 4*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Nýbúið að endurvinnna skólanámskrána.

Stuðningskerfi útskýrt í skólanámskrá – þ.e. utanaðkomandi stuðningur frá talmeinafræðingi, sálfræðingi o.fl.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Í skólanámskrá þyrfti að taka fram með hvaða hætti þörfum nemenda með námsörðugleika er mætt og hvaða leiðir eru farnar með bráðgerum nemendum.

<b>Gæði áætlana í einstökum námsgreinum</b>	<b>Gæðagreinir 1.2</b>
---	------------------------

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Góðar kennsluáætlanir – útfærsla og samvinna er í þróun samhliða innleiðingu á nýju kerfi.



*Veiku hliðarnar okkar:*

Stuðningur við innleiðingu á nýjum kennsluháttum hefur ekki verið nægjanlegur.

F: (Það skráningarkerfi sem notað er við kennsluáætlanir / námsáætlanagerð hentar vel og styður áherslur í skólafestunni ) tvíverknaður í náms- og kennsluáætlanagerð.

*Tillögur um aðgerðir:*

Einfaldast væri að nota eitt kerfi sem hægt er að nota í námskrá, dreifa til nemenda og foreldra og setja í Mentor. Vert að þróa formið áfram.

**Gæði áætlana hjá kennurum****Gæðagreinir 1.3***Vegin heildareinkunn: 3**Sterku hliðarnar okkar:*

Áætlanir fyrir þemu eru mjög vel unnar.

Kerið lofar góðu og býður upp á mikla möguleika

*Veiku hliðarnar okkar:*

Eftir að slípa skipulag sameiginlegrar vinnu í kjarna og þjálfunartímum og þar með færni kennara í nýju kerfi (sjá og útfæra möguleika)

*Tillögur um aðgerðir:*

Skipuleggja sameiginlega undirbúningstíma fyrir kennsluáætlanir og mat, helst eftir hvern dag.

**Hofsós****Uppbygging skólanámskrárinnar****Gæðagreinir 1.1***Vegin heildareinkunn: 3 - 4**Sterku hliðarnar okkar:*

Er að við erum búin að fara í gagngera endurskoðun.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Er að við þurfum að láta vinnuna skila sér betur út í kennsluna, ekki nóg að þetta standi bara á blaði. Stoppa á framkvæmdinni.

Fámennið hjá okkur setur ákveðnar skorður varðandi fjölda valgreina sem kenndar eru hverju sinni.

*Tillögur um aðgerðir:*

kennarar mega hafa bak við eyrað að kennsluáætlanir taki meira mið af eða hafi meira til hliðsjónar stefnu og leiðir skólans

**Gæði áætlana í einstökum námsgreinum****Gæðagreinir 1.2**

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Veiku hliðarnar okkar:*

Samþættingin. Samþætting milli kennara er ekki mikil. Formið á námsáætlanagerðinni er ekki nógu gott

**Gæði áætlana hjá kennurum****Gæðagreinir 1.3**

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Langtíma kennsluáætlanir eru vel unnar.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Aftur og enn samþættingin. Kennsluáætlanirnar eru til allt of langs tíma. Kennarar geta verið duglegri að samþætta fögin

**Sólgarðar****Uppbygging skólanámskrárinnar****Gæðagreinir 1.1**

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Samvinna milli deilda GaV er góð. Þess er vel gætt að allir skili sínu.

*Tillögur um aðgerðir:*

Njóta góðs af samvinnu deildanna. Stuðla að áframhaldandi þróun.

**Gæði áætlana í einstökum námsgreinum****Gæðagreinir 1.2**

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Ennþá erum við óviss um framkvæmd og notkun og gerð kennslu og námsáætlanna. Faglegur stuðningur gæti verið meiri.

*Tillögur um aðgerðir:*

Æskilegt væri að fá meiri leiðsögn og að festa hlutina meira niður. Koma sér niður á ákveðið form vegna náms og kennsluáætlana.

**Gæði áætlana hjá kennurum****Gæðagreinir 1.3**

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Ágætis samstarf milli kennara, góð yfirsýn yfir kennslu og framvindu náms. Skipulag tekst oft þótt óformlegt sé.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Við erum tækifærissinnuð og gerum ekki alltaf langtímaáætlanir í öllu.

*Tillögur um aðgerðir:*

Að tíminn nýtist vel til að ná fjölbreyttri færni nemenda.

**Lykilþáttur 2: Árangur****Hólar****Árangur í námsgreinum****Gæðagreinir 2.1**

*Vegin heildareinkunn: 4*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Áhersla er lögð á einstaklingsmiðun náms og geta viðfangsefni nemenda verið jafn mörg og fjölbreytt og þeir eru margir.

**Árangur í samræmdum prófum****Gæðagreinir 2.2**

*Vegin heildareinkunn: 2*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Höfum ekki áhyggjur af niðurstöðum samræmdra prófa.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Erfitt að meta meðaltal þegar nemendur eru svo fáir.

**Heildarárangur****Gæðagreinir 2.3**

*Vegin heildareinkunn: 3*

**Þessi gæðagreinir er frábrugðinn hinum. Hann byggir á mati úr fjórum gæðagreinum:**

- Árangur nemenda í einstökum greinum (gg. 2.1)
- Árangur nemenda á samræmdum prófum (gg. 2.2)
- Gæði námsins (gg. 3.2)
- Til móts við þarfir nemenda (gg. 3.3)

**Hofsós****Árangur í námsgreinum****Gæðagreinir 2.1***Vegin heildareinkunn: 2 - 3**Sterku hliðarnar okkar:*

Að það er kominn stuðningskennari

Flestir kennarar eru fagkennarar og eru að kenna sitt fag

*Veiku hliðarnar okkar:*

Skortur á sérkennurum

**Árangur í samræmdum prófum****Gæðagreinir 2.2***Vegin heildareinkunn: 2**Sterku hliðarnar okkar:*

Nókkir sterkir nemendur þá er hátt meðaltal

Nemendur koma almennt vel út úr samræmdu prófunum

*Veiku hliðarnar okkar:*

Erfitt að meta vegna fámennis, þarf fáa veika til að draga niður meðaltal

Landsmeðaltal í samræmdum prófum hefur í raun ekki verið marktækt í 10.bekk

**Heildarárangur****Gæðagreinir 2.3***Vegin heildareinkunn: 3**Þessi gæðagreinir er frábrugðinn hinum. Hann byggir á mati úr fjórum gæðagreinum:*

- Árangur nemenda í einstökum greinum (gg. 2.1)
- Árangur nemenda á samræmdum prófum (gg. 2.2)
- Gæði námsins (gg. 3.2)
- Til móts við þarfir nemenda (gg. 3.3)

**Sólgarðar****Árangur í námsgreinum****Gæðagreinir 2.1***Vegin heildareinkunn: 3**Sterku hliðarnar okkar:*

Kenna á fjölbreyttan hátt þannig að allir nái markmiðum miðað við getu hvers og eins.

**Árangur í samræmdum prófum****Gæðagreinir 2.2***Vegin heildareinkunn: 3***Heildarárangur****Gæðagreinir 2.3***Vegin heildareinkunn: 3**Þessi gæðagreinir er frábrugðinn hinum. Hann byggir á mati úr fjórum gæðagreinum:*

- *Árangur nemenda í einstökum greinum (gg. 2.1)*
- *Árangur nemenda á samræmdum prófum (gg. 2.2)*
- *Gæði námsins (gg. 3.2)*
- *Til móts við þarfir nemenda (gg. 3.3)*

**Lykilþáttur 3: Nám og kennsla****Hólar****Gæði kennslunnar****Gæðagreinir 3.1***Vegin heildareinkunn: 3**Sterku hliðarnar okkar:*

Einstaklingsmiðun í námi í stöðugri þróun samhliða breyttum kennsluháttum.  
Jákvæð samskipti við nemendur.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Stoðþjónusta ekki nægilega skilvirk.

*Tillögur um aðgerðir:*

Að bæta skilvirkni stoðþjónustu.

**Gæði námsins****Gæðagreinir 3.2***Vegin heildareinkunn: 3**Sterku hliðarnar okkar:*

Nemendur eru virkir og ábyrgir í námi.  
Starfsfólk notar jákvæða hvatningu til að hvetja nemendur áfram.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Nemendur hafa ekki fengið þjálfun í að setja sér skrifleg markmið.

Hægt er að vinna markvissar með ýmsar samvinnunámsaðferðir.

*Tillögur um aðgerðir:*

Að kenna nemendum að setja sér skrifleg markmið í vikuáætlunum.

### Til móts við þarfir nemenda

### Gæðagreinir 3.3

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Einstaklingsmiðun í námi.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Áhugasviðsverkefni þarf að endurskoða og búa til gátlista fyrir þau.

Leggja þarf meiri tíma og fjármagn í stuðning við nemendur.

*Tillögur um aðgerðir:*

Endurskoða skipulag á stuðningi.

### Mat sem liður í kennslu

### Gæðagreinir 3.4

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Matsaðferðir mæta þörfum nemenda

*Veiku hliðarnar okkar:*

Nýta mætti gátlista meira, bæði í sjálfsmati og óformlegu mati kennara.

Gera má meira af því að ræða við nemendur um framfarir og árangur í tengslum við markmiðssetningu í vikuáætlunum.

*Tillögur um aðgerðir:*

Að upplýsa foreldra tvisvar til þrisvar á önn um gengi barna þeirra í náminu og hvetja nemendur og foreldra til þátttöku í matinu með notkun gátlista. Markmiðið með þessu er að nemendur verði meðvitaðir um gengi sitt í náminu.

Ath. Sigga Garðars á gátlista í stærðfræði!!!

### Samskipti við foreldra

### Gæðagreinir 3.5

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Samskipti við foreldra fara fram í gegnum síma, tölvupóst og viðtöl.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Skapa þarf vettvang þar sem foreldrum gefst tækifæri til að hittast án þess að um skipulagða dagskrá af hendi skólans sé að ræða.

Vinna þarf markvisst í heimasíðu skólans þar sem upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar. Auglýsa þarf heimasíðuna og hvaða upplýsingar þar er að finna.

*Tillögur um aðgerðir:*

Vinna að auknu upplýsingastreymi t.d. í gegnum heimasíðu skólans.

## Hofsós

### Gæði kennslunnar

### Gæðagreinir 3.1

*Vegin heildareinkunn: 3 - 4*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Samskipti við nemendur. Einstaklingsþjónusta og –miðlun. Okkar stefna er að draga úr heimanámi. Ná að gera sem mest í skólanum.

Fámenni í skólanum, góð þekking á nemendum og vel hæfir kennara.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Framlag hvers nemenda og virkni. Mættu vera fjölbreyttari kennsluáðferðir sem að kennarar nota í kennsluna.

*Tillögur um aðgerðir:*

Auka foreldra samstarf – fá þá inn í kennslustundir til að kynnast skólastarfinu.

Byrja rólega neðan frá, frá yngstu nemendum og síðan upp.

### Gæði námsins

### Gæðagreinir 3.2

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Framfarir og stígandi í námi

*Veiku hliðarnar okkar:*

Aðstaða í Höfðaborg fyrir íþróttaiðkun. Endurnýjun tölvubúnaðar / hleðslutækja.

Vöntun á skápaþlássi í tónmennt / handmenntastofu.

Lítill virkni og skortur á ábyrgð nemenda.

Það þarf að efla metnað, sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi.

*Tillögur um aðgerðir:*

Byggja íþróttahús

Markmiðasetning nemenda.

**Til móts við þarfir nemenda****Gæðagreinir 3.3**

*Vegin heildareinkunn: 3 - 4*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Sinum einst. Nemendum vel. Fjölbreytt námsefni sem að hæfir getu nemenda

*Veiku hliðarnar okkar:*

Hraði yfirferðar námsefnis tekur ekki tillit til jaðarnemda.

Skipulag stuðningsfulltrúa þarf að vera betra, meiri umræðu vantar meðal stuðningsf. Og umsjónarkennara.

Meðalnemandinn stjórnar oftast yfirferðarhraðanum. Þarfir sterkra nemenda sitja of oft á hakanum.

*Tillögur um aðgerðir:*

Skipulag stuðningsfulltrúa þarf að vera betra, meiri umræðu vantar meðal stuðningsf. Og umsjónarkennara. Festa tíma á töflu fyrir umræðu.

Nýta föstu viðverutímana á fimmtudögum betur.

**Mat sem liður í kennslu****Gæðagreinir 3.4**

*Vegin heildareinkunn: 2 - 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Þekkjum nemendurna okkar vel

*Veiku hliðarnar okkar:*

Formleg og fagleg vinnubrögð vantar með námsmat

Eftirfylgni prófa vantar, t.d. jólapróf og úrvinnsla þeirra, tímasetning prófanna vandamál.

Vantar meira að nemendur meti sjálfan sig.

*Tillögur um aðgerðir:*

Taka upp leiðsagnarmat

Endurskoða matsaðferðir

Sér umsjónartími á töflu – hvar á að taka hann?

**Samskipti við foreldra****Gæðagreinir 3.5**

*Vegin heildareinkunn: 3 - 4*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Öflug samskipti og gott upplýsingaflæði

Lítið samfélag og erum við því mjög nátengd foreldrum.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Eftirfylgni fréttabréfa, uppáskrift um móttöku – umsjónarkennarar

Gögn á foreldraviðtölum, hvaða á að afhenda



Við erum með gott kerfi til að sjá hvort að skilaboð skili sér en við höfum ekki alveg fylgt því eftir hvort skilaboðin fari á leiðarenda.

*Tillögur um aðgerðir:*

Foreldraviðtöl í annarri viku, í stað kennaraheimsókna

Formleg skilaboðamappa fyrir nemendur

Hringja heim þegar nemendur eru ekki mættir á réttum tíma, taka fast á þessu strax í upphafi.

## Sólgarðar

### Gæði kennslunnar

### Gæðagreinir 3.1

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Við þekkjum bakgrunn nemenda vel, allir komast að, lítið um að nemendur komist upp með að vera óvirkir.

*Tillögur um aðgerðir:*

Virkja hvern og einn nemenda á hans eigin forsendum.

### Gæði námsins

### Gæðagreinir 3.2

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Gott skólahúsnaði, hrós mikið notað, fámennið gerir það að verkum að hægt er að sinna hverjum og einum vel. Börnin eru hvött til að vera framtakssöm.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Gott skólahúsnaði, hrós mikið notað, fámennið gerir það að verkum að hægt er að sinna hverjum og einum vel. Börnin eru hvött til að vera framtakssöm.

*Tillögur um aðgerðir:*

Okkur þætti fróðlegt að sjá framkvæmd einstaklingmiðaðs náms og hvernig nemendur beita skriflegri markmiðasetningu. (Heimsókn í Hóla)

### Til móts við þarfir nemenda

### Gæðagreinir 3.3

*Vegin heildareinkunn: 3*

*Sterku hliðarnar okkar:*

Fjölbreytt viðfangsefni, auðvelt að mæta þörfum nemenda.

*Tillögur um aðgerðir:*

Við tengjum námið við viðfangsefni úr daglega lífinu, nemendum gefinn kostur á að læra á eigin forsendum. Reynsla nemenda er nýtt í námi. Náms efni skenkt eftir hraða yfirferðar, og getu nemenda.

**Mat sem liður í kennslu****Gæðagreinir 3.4***Vegin heildareinkunn: 3**Sterku hliðarnar okkar:*

Hefðbundin matskerfi miða við mun fjölmennari bekki en eru við Sólgarðaskóla. Sökum nálægðar og fámennis er auðvelt fyrir kennara að meta framfarir í námi. Okkar helsta mat á nám í Sólgarðaskóla felst í því, að fylgjast með framvindu náms nemenda þegar þeir hefja nám í Hofsósskóla. Að því leyti er góð samvinna milli Sólgarðaskóla og Hofsóss.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Mat á námsárangri er óhefðbundið, mætti gera það formlega.

*Tillögur um aðgerðir:*

Fylgjast áfram með framvindu nemenda, hvort sem beitt er formlegum eða óformlegum aðferðum. Hafa náði samráð við móttökuskóla um framvindu náms nemenda eftir að þeir hefja nám í móttökuskóla.

Stefna að því að taka upp formlegri skráningu á námsframvindu.

**Samskipti við foreldra****Gæðagreinir 3.5***Vegin heildareinkunn: 3**Sterku hliðarnar okkar:*

Foreldrar eru í nánú sambýli við kennara og skoðanaskipti eru tíð.

*Veiku hliðarnar okkar:*

Foreldrum eru ekki sendar formlegar skýrslur nema einkunnablöð við annarlök.

*Tillögur um aðgerðir:*

Vera í góðum samskiptum við foreldra, hvetja þá til að segja sína skoðun.

## Tillögur um aðgerðir

Hér er samantekt á því sem fram kom í matinu um tillögur um aðgerðir. Orðrétt er tekið upp úr matsblöðum frá hverjum hóp fyrir sig.

Í matinu kom eftirfarandi fram um tillögur um aðgerðir:

### 1.1. Uppbygging skólanámskrárinnar

Kennarar mega hafa bak við eyrað að kennsluáætlanir taki meira mið af eða hafi meira til hliðsjónar stefnu og leiðir skólans  
Njóta góðs af samvinnu deildanna. Stuðla að áframhaldandi þróun.

### 1.2. Gæði áætlana í einstökum námsgreinum

Einfaldast væri að nota eitt kerfi sem hægt er að nota í námskrá, dreifa til nemenda og foreldra og setja í Mentor. Vert að þróa formið áfram.  
Æskilegt væri að fá meiri leiðsögn og að festa hlutina meira niður. Koma sér niður á ákveðið form vegna náms og kennsluáætlana.

### 1.3. Gæði áætlana hjá kennurum

Skipuleggja sameiginlega undirbúningstíma fyrir kennsluáætlanir og mat, helst eftir hvern dag.  
Að tíminn nýtist vel til að ná fjölbreyttri færni nemenda

### 2.1. Árangur í námsgreinum

Engar tillögur

### 2.2. Árangur í samræmdum prófum

Engar tillögur

### 2.3. Heildarárangur

Engar tillögur

### 3.1. Gæði kennslunnar

Að bæta skilvirkni stoðþjónustu.  
Auka foreldra samstarf – fá þá inn í kennlustundir til að kynnast skólastarfinu.  
Byrja rólega neðan frá, frá yngstu nemendum og síðan upp.  
Virkja hvern og einn nemenda á hans eigin forsendum.

### 3.2. Gæði námsins

Að kenna nemendum að setja sér skrifleg markmið í vikuáætlunum

Byggja íþróttahús

Markmiðasetning nemenda.

Okkur þætti fróðlegt að sjá framkvæmd einstaklingmiðaðs náms og hvernig nemendur beita skriflegri markmiðasetningu. (Heimsókn í Hóla)

### 3.3. Til móts við þarfir nemenda

Endurskoða skipulag á stuðningi.

Skipulag stuðningsfulltrúa þarf að vera betra, meiri umræðu vantar meðal stuðningsf. Og umsjónarkennara. Festa tíma á töflu fyrir umræðu.

Nýta föstu viðverutímana á fimmtudögum betur.

Við tengjum námið við viðfangsefni úr daglega lífinu, nemendum gefinn kostur á að læra á eigin forsendum. Reynsla nemenda er nýtt í námi. Náms efni skenkt eftir hraða yfirferðar, og getu nemenda.

### 3.4. Mat sem liður í kennslu

Að upplýsa foreldra tvisvar til þrisvar á önn um gengi barna þeirra í náminu og hvetja nemendur og foreldra til þátttöku í matinu með notkun gátlista. Markmiðið með þessu er að nemendur verði meðvitaðir um gengi sitt í náminu.

Taka upp leiðsagnarmat

Endurskoða matsaðferðir

Sér umsjónartími á töflu – hvar á að taka hann?

Fylgjast áfram með framvindu nemenda, hvort sem beitt er formlegum eða óformlegum aðferðum. Hafa náði samráð við móttökuskóla um framvindu náms nemenda eftir að þeir hefja nám í móttökuskóla.

Stefna að því að taka upp formlegri skráningu á námsframvindu.

### 3.5. Samskipti við foreldra

Vinna að auknu upplýsingastreymi t.d. í gegnum heimasíðu skólans.

Foreldraviðtöl í annarri viku, í stað kennaraheimsókna

Formleg skilaboðamappa fyrir nemendur

Hringja heim þegar nemendur eru ekki mættir á réttum tíma, taka fast á þessu strax í upphafi.

Vera í góðum samskiptum við foreldra, hvetja þá til að segja sína skoðun.

## Aðgerðaáætlun

Stjórnendur hafa yfirfarið tillögur að aðgerðum og eftirfarandi verður sett í forgang:

### 1.1. Uppbygging skólanámskrárinnar

Stefnt er á að námsáætlanir verði, frá hausti 2011, hluti af Námsframvindueningu á Mentor. Stuðst verður við gátlista sem tengjast stefnu og áherslum skólans.

### 1.2. Gæði áætlana í einstökum námsgreinum

Námsáætlanir verða í framtíðinni hluti af Námsframvindueningu á Mentor. Kennarar vinna á undirbúningsdögum sameiginlega, gátlista fyrir námsáætlanagerð sem verða endurskoðaðir reglulega.

### 3.1. Gæði kennslunnar

Unnið verður sameiginlega að því að auka foreldrasamstarf, og að foreldrar séu velkomnir inn í kennslustofur til að kynna skólafarfinu. Megin áhersla verður lögð á yngstu bekki skólanna og haldið svo áfram upp í eldri bekki eftir því sem árin líða svo það verði sjálfsgæður hluti af skólagöngu nemenda.

Reynt verður í samvinnu við viðkomandi aðila, að setja fasta viðverutíma einu sinni í mánuði, að lágmarki, á þá sérfræðinga sem koma til skólans og veita kennurum og nemendum stuðning. Eftirfarandi sérfræðingar kæmu þá til skólanna:

- Helga Harðardóttir – kennsluráðgjafi og verkefnisstjóri Olweusarverkefnisins
- Þóra Björk Jónsdóttir – kennslu og sérkennslufulltrúi
- Inga Huld Þórðardóttir – talmeinafræðingur

Miðað verður við skipulag eins og Inga Huld hefur haft varðandi talþjálfunartíma.

Fundið verður kerfi þar sem nemendur setja sér markmið fyrir afmarkaðan tíma varðandi nám og námsframvindu. Kennarar nemendur og foreldrar kæmu að þeirri markmiðssetningu.

### 3.2. Gæði námsins

Vinna áfram með markmiðssetningar nemenda fyrir vikuáætlanir. Kynna á sameiginlegum kennarafundi einstaklingsmiðað nám eins og það er framkvæmt á Hólum.

### 3.3. Til móts við þarfir nemenda

Minnt verður á í starfsmannabréfum stefnu skólans í einstaklingsmiðun náms. Að námið styðji við viðfangsefni daglegs lífs. Að reynsla nemenda verði nýtt í námi og námsefni miðað við þarfir og yfirferð/námshraða hvers og eins.

Settur verður á skilafundur á vori með Sérkennsluráðgjafa og umsjónarkennurum svo skipuleggja megi stuðningskennslu markvissara og stuðningsþörf fyrir næsta skólaár.

Skipulag fyrir stuðningsfulltrúa verði enn fremur unnið nánar.

### 3.4. Mat sem liður í kennslu

Nýttar verða nýjar viðbætur í Mentorkerfinu: Leiðsagnarmat og námsframvinduening. Það verði kynnt á sameiginlegum kennarafundi.

Útbúin verður persónumappa fyrir hvern nemanda sem geymir námsframvindu, skimunarpróf og greiningargögn fyrir hvern nemanda. Þessi mappa fylgir nemendum milli skóla og skólastiga, þannig að aðgengilegt verði á einum stað upplýsingar um námsframvindu og stöðu hvers og eins. Mappan verði til varðveislu hjá skólastjóra eða deildarstjóra á hverjum kennslustað enda um trúnaðargögn að ræða.

### **3.5. Samskipti við foreldra**

Unnið verður að endurbótum og uppfærslu á heimasíðu svo hún skili hlutverki sínu sem miðlægur upplýsingabrunnur og lifandi gluggi á starf skólans. Festur verður ákveðinn tími í hverri viku til að uppfæra síðuna. Athugað verður að fá miðlægt kerfi fyrir myndir.

Stefnt verður á að haustsamvera með hverjum umsjónarhópi, kennara og foreldum, með þátttöku vinateymis, verði árlegur viðburður á haustin.

Almenn leið upplýsinga og silaboða til heimila verði gegnum rafrænar leiðir – Mentor. Sendur verður póstur að hausti með Mentor til að sannreyna að pósturinn skili sér heim. Send verða í lok hverrar viku bréf frá umsjónarkennara til foreldra um starfið almennt.

## Skimun

Í lok skólaárs vinna allir sem koma að gerð sjálfsmatsins, skimun yfir alla þætti matsins. Tilgangur skimunar er að finna strax veika þætti í starfi stofnunarinnar sem þarf þá ekki að bíða eftir skipulögðu mati samkvæmt þriggja ára matsáætlun. Prósentalan í aftasta dálknum er hlutfall svara með 3 eða 4. Þeir þættir sem eru undir 50 % litast rauðir og verða skoðaðir sérstaklega. Græni liturinn kemur ef hlutfallið er 100% sem segja má að séu styrkleikar stofnunarinnar.

Nr	Gæðagreinir	Matsþættir	Mat				
----	-------------	------------	-----	--	--	--	--

Lykilþáttur: Námskrá		1	2	3	4	3 eða 4	
1.1	Uppbygging skólanámskrárinnar	* Breidd og jafnvægi	0	0	13	5	100%
		* Samþætting	0	1	12	5	94%
		* Stundaskrá	0	0	7	12	100%
		* Valgreinar	0	1	7	7	93%
1.2	Gæði áætlana í einstökum námsgreinum	* Breidd, jafnvægi, val	0	0	13	5	100%
		* Samþætting, samfella, áframhald	0	3	14	2	84%
		* Stuðningur/leiðsögn við kennara	1	7	11	0	58%
1.3	Gæði áætlana hjá kennurum	* Gerð námsáætlana til lengri tíma og skipulag einstakra tíma	0	5	12	1	72%

Lykilþáttur: Árangur		1	2	3	4	3 eða 4	
2.1	Árangur í námsgreinum	* Árangur nemenda í einstökum greinum	0	1	17	0	94%
2.2	Árangur í samræmdum prófum	* Árangur nemenda í samræmdum prófum og öðrum sambærilegum könnunum	0	1	15	1	94%
2.3	Heildarárangur	* Heildarmat á gæði árangurs, byggt á fjórum öðrum gæðagreinum, [Árangri í námsgreinum (gg. 2.1), árangri í samræmdum prófum (gg. 2.2), gæðum náms (gg. 3.2) og hvernig komið er til móts við þarfir nemenda (gg. 3.3).]	0	0	13	1	100%

Lykilþáttur: Nám og kennsla		1	2	3	4	3 eða 4	
3.1	Gæði kennslunnar	* Val á kennsluaðferðum, þ.m.t. heimanámi	0	0	16	2	100%
		* Framsetning og tilgangur útskýringa kennara	0	0	12	6	100%
		* Gæði samskipta milli nemenda og kennara	0	0	15	4	100%
3.2	Gæði námsins	* Að hve miklu leyti námið virkar hvetjandi á nemendur	0	1	15	2	94%
		* Framfarir í námi	0	0	16	2	100%
		* Eigin ábyrgð nemenda á náminu, sjálfstæð hugsun, virk þátttaka	1	7	9	2	58%

		* Samvinna og samskipti	0	2	13	3	89%
3.3	Til móts við þarfir nemenda	* Val á námsefni og verkefnum	0	0	13	5	100%
		* Hraði yfirferðar m.t.t. að allir nemendur nái markmiðum við hæfi	0	3	9	6	83%
		* Hvort tillit er tekið til reynslu og áhugasviðs nemenda, við val á námsefni og kennsluaðferðum	0	4	13	2	79%
		* (Þar sem við á) framlag stuðningsaðila	0	3	11	1	80%
3.4	Mat sem liður í kennslu	* Mats- og skráningaraðferðir	0	7	10	2	63%
		* Gæði matsákvæðana, sem teknar eru í kennslunni	0	4	14	1	79%
		* Notkun matsupplýsinga	0	8	9	2	58%
3.5	Samskipti við foreldra	* Gæði skipulags foreldrasamskipta	0	1	12	6	95%
		* Gæði þeirra upplýsinga, sem foreldrar fá um einstaka nemendur	0	1	13	5	95%
		* Gæði þeirra upplýsinga, sem foreldrar fá um skólastarfið í heild	0	0	12	7	100%

Lykilþáttur: Stuðningur við nemendur			1	2	3	4	3 eða 4
4.1	Umönnun	* Tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum nemenda er sinnt.	0	0	12	7	100%
		* Stuðningur við nemendur	0	0	12	7	100%
4.2	Þroski og lífsleikni	* Nemendur þroska með sér jákvæð viðhorf og öðlast lífsleikni, félagslega og sem einstaklingar.	0	0	15	4	100%
		* Viðburðir utan námskrár, utanaðkomandi heimsóknir, aukanámskeið	0	1	9	8	94%
4.3	Gæði náms- og starfsráðgjafar	* Gæði ráðgjafar um val á menntun, starfsþjálfun og lífsstarfi	1	2	6	2	73%
		* Nákvæmni og tilgangur upplýsinga og ráðgjafar	3	1	4	2	60%
		* Að hve miklu leyti ráðgjöf byggist á sérþekkingu	3	2	2	3	50%
4.4	Hlutverk ráðgjafar í árangri	* Skilvirkni í að fylgjast með framförum hjá nemendum	0	2	12	0	86%
		* Gæði skráðra upplýsinga um framfarir hjá nemendum	1	1	12	1	87%
		* Notkun fyrirliggjandi upplýsinga	1	3	8	1	69%
4.5	Stuðningur	* Gæði stuðningsáætlana	0	7	7	3	59%
		* Framfarir og árangur nemenda	0	3	13	2	83%
		* Gæði utanaðkomandi ráðgjafar og stuðnings	1	2	7	6	81%
4.6	Reglugerð um sérkennslu	* Uppfylling ákvæða reglugerðarinnar	0	3	5	1	67%
		* Framkvæmd ákvæða reglugerðarinnar	0	2	7	0	78%
		* Þekking og skilningur á reglugerðinni og skyldum málefnum	0	4	6	0	60%
4.7	Úrræði vegna sérkennslunemenda	* Skilvirkni ákvarðana um sérkennslu	0	6	8	1	60%
		* Skilvirkni ákvarðana um úrræði vegna sérkennslu	0	6	8	1	60%



Lykilþáttur: Starfsandi		1	2	3	4		
5.1	Starfsandi	* Stolt og ánægja með skólann, jafnrétti og sanngirni	0	1	8	10	95%
		* Jákvætt andrúmsloft (finnst gestum/foreldrum þeir velkomnir?)	0	0	9	10	100%
		* Starfsandi og samskipti meðal nemenda og kennara	0	2	11	6	89%
		* Væntingar nemenda og kennara; notkun uppörvunar (hróss)	0	0	11	8	100%
		* Hegðun og agi hjá nemendum	0	7	10	2	63%
5.2	Samstarf við foreldra og skólanevnd	* Foreldrar hvattir til að taka þátt í námi barnsins og skólastarfinu	0	1	10	8	95%
		* Viðbrögð skólans við skoðunum og fyrirspurnum foreldra	0	0	11	7	100%
		* Skilvirkni samskipta milli skóla og skólanevndar	2	6	8	1	53%
5.3	Tengsl við aðra skóla, skólaskrifstofu, atvinnurekendur og samfélagið	* Tengsl við aðrar menntastofnanir, tilgangur þeirra og notagildi	0	5	10	3	72%
		* Tengsl við ýmis félagasamtök, atvinnurekendur og samfélagið í heild	0	5	10	4	74%
		* Tengsl við opinberar stofnanir, þ.m.t. skólaskrifstofu	1	3	11	3	78%

Lykilþáttur: Mannafli, aðstaða		1	2	3	4	3 eða 4	
6.1	Húsnæði og aðstaða	* Nægilegt, fjölbreytt, viðeigandi	0	6	11	1	67%
6.2	Búnaður	* Nægilegt fjármagn ætlað til búnaðar	3	8	7	0	39%
		* Búnaður nægur, fjölbreyttur, viðeigandi	1	8	9	0	50%
6.3	Skipulag og notkun á búnaði og húsrými	* Skipulag, aðgengi	1	4	11	2	72%
		* Nýting	0	1	13	4	94%
		* Sýning athyglisverðra hluta (uppsetning, framsetning sýninga)	0	1	11	6	94%
6.4	Mannafli	* Mannafli nægur	0	3	12	3	83%
		* Starfsfólk hæft (reynt, með réttindi, með sérfræðipekkingu)	0	2	4	12	89%
6.5	Nýting mannafla	* Skilvirkni kennara – kennarahópsins	0	1	11	6	94%
		* Skipting í bekki, skipting kennara á bekki	0	1	11	6	94%
		* Möguleikar á stuðningi við nemendur	0	4	12	1	76%
		* Stuðningsfulltrúar og annað aðstoðarfólk	1	4	6	6	71%
6.6	Starfsmat	* Símenntun, endurmenntunarstefna skólans	0	4	11	3	78%
		* Starfsmat	0	6	10	1	65%
		* Skilvirkni starfspróunar (sí- og endurmenntunar)	0	6	10	1	65%
6.7	Rekstur skólans	* Dagleg fjárhagsstjórnun skólans	0	0	10	1	100%

	* Fjárhagsáætlun	0	1	10	1	92%
	* Fjárhagur skólans hafður til hliðsjónar við áætlanagerð	0	0	8	4	100%

Lykilþáttur: Stjórnun, forysta og trygging gæða		1	2	3	4	3 eða 4	
7.1	Sjálfsmat	* Þátttaka starfslíðs í sjálfsmati skólans	0	0	5	12	100%
		* Hvort kennarar í stjórnunarstöðum fylgjast með og meta starfið	0	1	9	6	94%
		* Notkun matsupplýsinga í skoðun á heildarárangri	0	1	14	2	94%
		* Fylgst með stjórnun skólans og hún metin	0	5	8	3	69%
7.2	Þróunaráætlun skólans	* Uppbygging áætlunarinnar	2	1	9	3	80%
		* Innihald áætlunarinnar	2	1	9	3	80%
		* Framsetning áætlunarinnar	2	2	8	3	73%
7.3	Framkvæmd þróunaráætlunar	* Hvernig gengur að ná settum markmiðum	1	1	10	2	86%
		* Áhrif þróunaráætlunarinnar	1	2	9	2	79%
7.4	Skilvirkni skólastjórnenda sem leiðtoga	* Fagmennska og starfinu sinnt	1	0	14	3	94%
		* Gæði stjórnunar	1	2	13	2	83%
		* Samskipti og tengsl við starfsfólk, myndun vinnuhópa	1	1	15	1	89%
7.5	Skilvirkni kennara í stjórnunarstöðum	* Skilgreining starfa og jafnræði	0	2	11	1	86%
		* Skilvirkni einstaklingsins	0	1	12	1	93%
		* Skilvirkni hópsins	0	1	11	2	93%

Áberandi lág einkunn kom út í skimun þessa ár s í 6.2: Nægilegt fjármagn ætlað til búnaðar, en sá kafli var til mats í fyrra og var gerð skil þar. Þá ber að geta niðurskurðar hjá Sveitarfélaginu sem óneitanlega hefur áhrif á þennan lið.

## Samantekt og mat á árangri

Þegar þriggja ára áætlun verður lokið, það er að sömu þættir verða aftur til mats, verður athugað hvernig matsniðurstöður hafa skilað okkur í leið okkar að bættum kennsluháttum og auknum gæðum skólastarfs. Jafnframt verður farið yfir aðgerðaráætlun síðasta mats, hvort allt hafi komið til framkvæmda, og hverju það hafi skila okkur í gæðum skólastarfs.